



Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík 24. júní 2025
2025060176

**Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í máli nr. 98/2025 í samráðsgátt,
„Breyting á reglugerð um hollustuhætti nr. 904/2024**

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (hér eftir HER) hefur tekið gögn málsins til skoðunar og veitir eftirfarandi umsögn:

Almennt:

Ef horft er til markmiða laga nr. 7/1998 og reglugerðar nr. 903/2024 verður að gera athugasemdir við þann mikla flýti sem er í þessu máli og að fagaðilum sem vinna eftir reglugerðinni skuli ekki gefinn viðunandi tími til að vinna að umsögn.

Þegar umsögn þessi er skrifuð er 3. gr. draga um handhafabreytingu þegar orðin að staðfestri breytingu á reglugerð nr. 903/2024 sbr. reglugerð. nr. 614/2025. Engu að síður verður 3. gr. hér til umfjöllunar. HER telur að nauðsynlegt sé að ávarpa ákveðin atriði við þessa breytingu og gerir athugasemd við að ákvæði 3. gr. hafi verið birt án þess að umsagnaraðilar hafi haft tækifæri til að fara yfir hana og gefa umsögn.

Að mati HER er margt sem þarfnast lagfæringar í reglugerð nr. 903/2024, en of langt mál er að rekja það í þessari umsögn. M.a. má nefna að gerðar eru ítarlegri kröfur til húsnæðis og aðbúnaðar í skólum og á hjúkrunarheimilum. Ábendingar varðandi reglugerðina eru því ekki tæmandi og hefur þeim þegar verið komið á framfæri við Umhverfis- og orkustofnun og umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið.

Að mati HER er það jákvætt þegar lög og reglugerðir eru skýr og matskenndum atriðum fækkað. Að því leyti er jákvætt að það skuli kveðið skýrt á um heimild til handhafabreytingar og að auglýsingaskylda eigi ekki við í slíkum tilvikum. HER vekur athygli á því að sambærilegt ákvæði er ekki að finna í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti og er nauðsynlegt að slíkt ákvæði komi þar inn til að ekki sé misræmi á milli málsmeðferðar sambærilegra mála eftir starfsemi. HER veltir því fyrir sér á hvaða ákvæði laga nr. 7/1998 byggir heimild til handhafabreytingar.

HER vekur athygli á því að breyting 3. gr., er varðar handhafabreytingu, nær til starfsemi sem er leyfisskyld samkvæmt lögum nr. 7/1998. Stór hluti hollustuháttastarfsemi sem er leyfisskyld samkvæmt lögum er einnig leyfisskyld hjá heilbrigðiseftirliti samkvæmt



lögum nr. 93/1995 um matvæli. Samspil þessara tveggja löggjafa varðandi starfsleyfi sem byggja á tvöfaldri löggjöf er eitthvað sem þarf að skoða betur og hvernig löggjafirnar geta unnið saman. HER bendir á að ekki er heimild til handhafabreytingar á starfsleyfum samkvæmt matvælalögum. Starfsemi sem er leyfisskyld samkvæmt báðum lögum er oft það samþætt að ekki verður með góðu móti gerður aðskilnaður á matvælastarfsemi og hollustuháttastarfsemi. Því hefur ákvæði um handhafabreytingu í reglugerð nr. 614/2025 um breytingu á reglugerð nr. 903/2024 ekkert að segja hvað varðar breytingu á starfsleyfi fyrir starfsemi með samþætt leyfi þar sem ekki er að finna sambærilegt ákvæði í matvælalögum.

Einnig má benda á að ekki hafa verið gefnar út leiðbeiningar um málsmeðferð þegar um er að ræða samþætta starfsemi með hollustuháttastarfsemi sem er skráningarskyld sbr. reglugerð. nr. 830/2022 og starfsleyfisskyld samkvæmt matvælalögum. Ítrekar HER hér líkt og í fyrri umsögn um breytingu á reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum hollustuhætti og mengunarvarnir um mikilvægi þess að samspil laganna sé skoðað. Í texta í samráðsgátt kemur fram að ef að starfsemi er bæði starfsleyfis- og skráningarskyld þá vegi starfsleyfisskylda þyngra en skráning og aðeins þurfi að sækja um starfsleyfi. Það vekur upp spurninguna hvort það eigi við þegar leyfisskyldan er byggð á tvennum lögum. Eða hvort sé gert ráð fyrir að t.d. veitingastaðir þurfi nú að sækja um starfsleyfi samkvæmt matvælalögum og skráningu samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Mikilvægt er að veittar séu nánari skýringar um þessa þætti, engin breyting hefur verið boðuð á starfsleyfisskyldu skv. matvælalögum og því munu eftir sem áður verið gefin út starfsleyfi á grundvelli laganna. Því getur orðið til tvöfalt kerfi þar sem bæði leyfis og skráningar er krafist. Þetta myndi kalla á aukinn kostnað fyrir fyrirtæki þar sem borga þyrfti gjald fyrir hvort tveggja. Óskað er eftir skýringum og leiðbeiningum um málsmeðferð þegar um er að ræða samþætta starfsemi með hollustuháttastarfsemi sem er skráningarskyld sbr. reglugerð. nr. 830/2022 og starfsleyfisskyld samkvæmt matvælalögum.

Þó auglýsingaskylda á tillögu að starfsleyfi sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 og 6. og 7. gr. laga nr. 7/1998 sé ekki til umfjöllunar í drögunum, verður ekki hjá því komist að mati HER að ávarpa það. Samkvæmt ákvæðunum skal auglýsa tillögu að starfsleyfi á vefsvæði heilbrigðiseftirlitsins í fjórar vikur áður en umsókn um starfsleyfi á sviði hollustuhátta er tekið til afgreiðslu. Auglýsingar á tillögu að starfsleyfi í fjórar vikur er íþyngjandi fyrir bæði útgefanda starfsleyfis og rekstraraðila og vart réttlæt看leg í stærstum hluta tilfella. Sem dæmi má nefna að á svæði HER hafa komið upp fjölmörg mál þar sem upp hafa komið aðstæður sem leiða af sér að færa þarf starfsemi skóla eða leiksskóla með skömmum fyrirvara með heill og heilsu barna og starfsfólks í huga. Það er afar óskilvirkt og íþyngjandi að auglýsa þurfi tillögu að starfsleyfi í fjórar vikur fyrir slíka lögboðna starfsemi þegar þannig ástand kemur upp. Oft þurfa þessar lausnir



að ganga í gegn á örfáum dögum, að uppfylltum öllum kröfum. Á þessu þarf að finna lausn sem styður við það að mál séu leyst án þess að farið sé á svig við lög og reglugerðir. Einnig má spyrja sig hvort auglýsingaskylda vegna endurnýjunar á starfsleyfi fyrir skóla sem hefur verið starfræktur áratugum saman í húsnæði hönnuðu fyrir starfsemi þjóni nokkrum tilgangi.

Nauðsynlegt er að breyta ákvæðum um auglýsingaskyldu og hafa hana markvissari. Hún ætti fyrst og fremst að beinast að starfsemi sem getur haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif eða valdið ónæði í nærumhverfi. Mögulega mætti útfæra ákvæðin sem heimildarákvæði í lögum nr. 7/1998, rg. nr. 903/2024 og rg. nr. 550/2018 fyrir útgefanda leyfa til auglýsingar á tillögum að starfsleyfi þegar starfsemi eða aðstæður kalla eftir því að almenningur geti haft aðkomu að málinu.

Athugasemdir við einstakar greinar

1. gr. Engar athugasemdir.
2. gr. Engar athugasemdir
3. gr. Sjá umfjöllun að ofan
4. gr. Samkvæmt breytingunni kemur fram að sá sem stundar húðgötun eða veitir meðferð með nálastungum skuli á fimm ára fresti standast hæfnispróf á viðurkenndu námskeiði. HER telur jákvætt að setja tímaramma um endurnýjun á hæfnisprófi. Að mati HER er ekki nægilega skýrt hvort að nýr starfsmaður eigi að hafa staðist hæfnispróf áður en viðkomandi hefur störf eða hvort viðkomandi hefur 5 ára tímaramma til að standast hæfnispróf og skuli síðan standast það á 5 ára fresti. HER telur brýnt að nýtt starfsfólk hafi þessa þekkingu þegar það hefur störf eða í það minnsta innan skamms tímafrests þar eftir, að teknu tilliti til tíðni þess að námskeið sé í boði.

Tillaga að breytingu: Sá sem stundar húðgötun, húðflúr, eða veitir meðferð með nálastungum skal, áður en viðkomandi hefur störf/innan 6 mánaða, hafa staðist hæfnispróf á viðurkenndu námskeiði í beitingu smitgátar, hreinsun/sóttthreinsun/dauðhreinsun búnaðar og öðru sem viðvíkur starfseminni eða hafa lokið námi á heilbrigðissviði sem felur í sér fræðslu um smitgát og sóttvarnir. Viðhalda ber þekkingu og standast hæfnispróf á viðurkenndu námskeiði á fimm ára fresti. Rekstraraðili skal framvísa gögnum þess efnis að starfsfólk uppfylli skilyrði 1. ml.



- 5. gr. Engar athugasemdir.
- 6. gr. Engar athugasemdir
- 7. gr. Sjá umfjöllun að ofan

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Guðjón Ingi Eggertsson
Deildarstjóri umhverfiseftirlits

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri